

Sunnudagana 11.- og 18. ágúst birti **Morgunblaðið** einkar áhugaverð Reykjavíkurbref sem fjölluðu um skipulag og þróun miðborgarinnar. Við höfum fengið þessi Reykjavíkurbref til birtingar á vefsíðu okkar.

## Reykjavíkurbref 11. ágúst

SKIPULAG og framtíð miðborgar Reykjavíkur hefur verið ofarlega á döfinni undanfarin misseri, en ekki eru allir sammála um hvað leiðir séu vænlegastar til að efla gamla miðborgarkjarnann, hjarta höfuðborgarinnar. Skemmst er að minnast deilna um framtíð flugvallarsvæðisins í Vatnsmýri, ágreinings um staðsetningu Listaháskóla Íslands og umræðu um kosti og galla fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn. Óánægja kaupmanna í miðborginni vegna stöðumælagjalda, auk neikvæðrar umfjöllunar í tengslum við skemmtistaði á þessu svæði, hefur orðið til þess að skerpa málefnalega umræðu, ekki síður en að afhjúpa mikilvægi þess að marka miðborgarmálum viðunandi stefnu.

Hvað slíka stefnumótum varðar er þó nauðsynlegt að hafa í huga að á síðustu 15 árum hefur hlutverk miðborgarinnar breyst mikið í takt við breytt samfélagsmynstur. Kröfur um fjölbreyttari veitingahús, samkeppni við verslunarmiðstöðvar og áhugi ungs fólks á búsetu í miðborginni eru allt samfélagslegir þættir sem taka þarf tillit til við stefnumörkun í skipulagsmálum, auk þess sem miðborgin verður að standa undir auknum væntingum erlendra gesta og þjóðarinnar allrar sem menningarleg höfuðborg er staðið geti jafnfætis erlendum borgum án þess þó að glata sérkennum sínum.

Ef litið er yfir þróun Reykjavíkur, skipulags- og byggingarsögu hennar kemur í ljós að þær umræður sem nú fara fram um framtíðarskipulag Reykjavíkur hafa staðið með litlum hléum í rúma öld - eða allt frá byrjun tuttugustu aldar er Reykvíkingar gerðu sér í fyrsta sinn grein fyrir þeirri staðreynd að borgin sigldi hraðbyri inn í nútímann sem höfuðborg þjóðarinnar. Umskiptin voru mjög snögg og framfarirnar miklar; vatnsveitan komst í gagnid 1909, Gasstöðin 1910 og stórframkvæmdir við höfnina hófust 1913, en þær urðu undirstaða öflugss atvinnulífs í Reykjavík. Fólksfjöldinn í höfuðstaðnum margfaldaðist á örfáum árum, var aðeins 2.000 manns árið 1876, svo tæplega 6.000 aldamótaárið 1900, en var kominn í rúmlega 14.000 fimmtán árum seinna.

Í bók sinni "Reykjavík, vaxtarbroddur, þróun höfuðborgar" bendir Trausti Valsson arkitekt og skipulagsfræðingur á þau tímamót sem verða við brunann mikla í Reykjavík árið 1915, en þá urðu mörg stór og nýleg timburhús eldi að bráð er ógnaði í reynd öllum miðbænum. Í kjölfar brunans hófst mikil umræða um skipulag bæjarins og var mönnum mikið í mun að koma í veg fyrir að slíkur atburður gæti endurtekið sig. Einn þeirra sem mest létu til sín taka í skipulagsmálum þessa tíma var Guðmundur Hannesson læknir sem árið 1916 gaf út bókina "Um skipulag bæja", en hún var undirstaða frumvarps til laga árið 1917 er að lokum var samþykkt með breytingum 1921. Hann átti síðan eftir að sitja í skipulagsnefnd ríkisins um langt skeið, m.a. með Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins, sem strax árið 1912 tjáði sig um skipulagsmál í grein sinni "Bæjarfyrirkomulag", en þeir Guðmundur og Guðjón settu báðir mark sitt á höfuðborgina þótt það hafi verið með ólíkum hætti.

## Sérstaða vegna ungs aldurs og legu

Arkitektinn Alfred Raavad, hálfbróðir Thors Jensens, skrifaði einnig um skipulagsmál um þetta leyti, og kom fyrstur manna fram með mótaðar hugmyndir um framtíðarþróun Reykjavíkur. Í bók Trausta kemur fram að meginatriði í hugmyndum Raavads hafi verið "að borgin ætti að byggjast og þéttast á milli byggðakjarna Reykjavíkur og Hafnarfjarðar [...]. Í samræmi við það gerði Raavad m.a. ráð fyrir miðbæ nálægt miðju svæðinu, við Skerjafjörð, og stjórnhverfi og dómkirkju á Öskjuhlíð, sem yrði þá nokkurs konar Akrópólíshæð." Þessar hugmyndir Raavads um Vatnsmýrina eru ekki síst athyglisverðar í ljósi umræðunnar um flugvallarsvæðið á síðasta ári, þar sem margir urðu til þess að benda á hversu mjög flugvöllur á þessum stað hefði hamlað eðlilegri þróun miðborgarinnar. Eftir kosningarnar sem fram fóru á síðasta ári um framtíð flugvallarins virðist fátt geta komið í veg fyrir að hann verði látinn víkja í náinni framtíð, og því hefur þar skapast aukið svigrúm til framtíðarskipulags sem fyrir löngu hefði átt að verða að veruleika, og hefur alla burði til að styrkja miðborgina til mikilla muna ef vel er að því staðið.

Í viðtali við Þorvald S. Þorvaldsson borgararkitekt, sem birtist hér í blaðinu í janúar síðastliðnum, reifar hann nokkuð sérstöðu Reykjavíkur sem borgar, sérstöðu sem markast af því hversu ung borgin er öfugt við flestar þær borgir sem við þekkjum best í nágrannalöndum okkar. Hann lítur þessa sérstöðu jákvæðum augum og varar við því að móta byggð í Vatnsmýrinni eftir erlendum fyrirmyndum með háum húsum í "randbyggð". Hann telur fremur að við eigum að horfa á þær fyrirmyndir sem mótað hafa sérkenni íslenskrar byggðar hingað til og álitur þann þorpsbrag sem þar er að finna notalegan. Rökin sem Þorvaldur færir gegn byggingu hárra húsa eru óneitanlega skynsamleg, en þau byggjast á því hversu sól er hér lágt á lofti stóran hluta ársins: "Með slíkum byggingum og inngörðum milli þeirra eru menn hreinlega að búa til myrkvun stóran hluta ársins. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að við getum ekki byggt eins og aðrar þjóðir og við eigum heldur ekki að gera það. Við verðum að taka tillit til þess að við erum stöð norðarlega á hnettinum og því verðum við að byggja borg sem hentar þeim aðstæðum og okkur sjálfum," segir Þorvaldur.

Þótt þróunarsaga Reykjavíkur hafi allt fram undir 1970 mótast mjög sterkt af hugmyndum um háreistar byggingar líkt og í öðrum borgum, þar sem gert var ráð fyrir að eldri reykvísk byggð viki, hefur orðið mikil breyting þar á. Málun Bernhöftstorfu árið 1973 markaði líklega formlegt upphaf húsfriðunarátaks sem orsakaði hugarfarsbyltingu meðal Íslendinga og nú er svo komið að flestir líta á gömul hús sem mikilsverða arfleifð sem vert er að varðveita. Mörg gömul hús sem komin voru í niðurníðslu í miðborginni hafa verið gerð upp og hafa þannig endurheimt fyrri glæsileika sem mótar sterkt ásýnd kvosarinnar, gamla vesturbæjarins og Þingholtanna. Það er því ljóst að fleiri en Þorvaldur hafa í seinni tíð viljað ýta undir jákvæðar hliðar þess þorpsbrags sem ætíð hefur einkennt Reykjavík. Hugmyndir um að móta nýrri byggð að því sem fyrir er, svo byggingarsögulegt samhengi og handverkshefð njóti sín eftir því sem kostur er, hafa fengið byr undir báða vængi.

Laugavegurinn, lífæð miðborgarinnar

Aðalverslunaræð miðborgarinnar, Laugavegurinn, hefur orðið nokkuð útundan í ofangreindri skipulagsumræðu þótt löngu sé orðið tímabært að huga þar að uppbyggingu. Laugavegurinn er og hefur

ætið verið lífæð miðborgarinnar og þeirrar margháttaðu starfsemi sem þar þrífst, en nú má þar víða sjá illa nýtt reiti í óviðunandi niðurníðslu.

Í apríl síðastliðnum skilaði starfshópur um endurmat á deiliskipulagi við Bankastræti og Laugaveg tillögum sínum um framtíðarskipulag þessarar helstu verslunaræðar miðborgarinnar, en tillögurnar eru veigamikill áfangi í endurmati á hlutverki og nýtingu svæðisins. Í hópnum áttu sæti Árni Þór Sigurðsson, formaður skipulags- og byggingarnefndar, Bolli Kristinsson kaupmaður, sem töluvert hefur látið til sín taka í umræðu um miðborgina, Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri miðborgar, Jóhannes S. Kjarval, skipulags- og byggingarsviði, og Pétur H. Ármannsson arkitekt, sem starfar við byggingarlistadeild Listasafns Reykjavíkur. Í endurmati hópsins á deiliskipulaginu er farið í saumana á ásýnd og yfirbragði Laugavegar sem verslunargötu "þar sem sjónarmið uppbyggingar og varðveislu haldast í hendur", eins og segir í skýrslunni.

Höfundar hennar leggja áherslu á mikilvægi þess að gera "Laugavegssvæðið að aðlaðandi kosti til fjárfestingar í verslunar-, atvinnu- og íbúðarhúsnæði með því að eyða óvissu um skipulag og skapa svigrúm í skipulagi til þróunar og uppbyggingar". Þá er það sömuleiðis mat hópsins að "unnt sé að skapa verulegt svigrúm til nýrrar uppbyggingar við Laugaveg án þess að fórna byggingarsögulegum sérkennum götunnar og þeim lykilbyggingum fyrri tíðar sem mest gildi hafa fyrir ásýnd hennar". Jafnframt leggur hópurinn áherslu á það megin sjónarmið að hæð bygginga við sunnanverðan Laugaveg taki mið af því að hægt sé að njóta sólar á götunni eftir föngum, en við norðurhluta Laugavegar er gert ráð fyrir hærri og samfelldari byggingum sem væntanlega munu þá veita skjól fyrir veðri og vindum. Það er því ljóst að rótgróin sérkenni byggingarsögu borgarinnar og landfræðileg lega hennar hafa verið höfð að leiðarljósi við vinnu starfshópsins og er það lofsvert.

### **Bæti umhverfið en skaði ekki**

Eins og fram kemur í fylgiskjali með niðurstöðum starfshópsins, "Stefnumörkun um húsvernd - þemahefti", telur vinnuhópurinn að í einhverjum tilvikum kunnir að vera nauðsynlegt að víkja frá settum verndunartillögum á Laugavegssvæðinu til þess að "skapa svigrúm fyrir nýja uppbyggingu er miðaði að því að treysta Laugaveginum í sessi sem aðalverslunargötu borgarinnar". Þannig er meiri áhersla lögð á varðveislu eldri húsa sunnan götunnar en norðan hennar, þar eru fleiri varðveisluverð húsa auk þess sem auðveldara er að skapa nauðsynlegt bakland fyrir öflugum verslunargötu Hverfisgötumegin en Grettisgötumegin. Gert er ráð fyrir varðveislu gamalla hornhúsa sem kennileita upp með götunni, sérstaklega þar sem þau mynda tengingu við hliðargötur og heilsteypta byggð eldri húsa. Höfundur þemaheftisins, Pétur H. Ármannsson arkitekt, leggur jafnframt áherslu á að það sé mat hans að sérstaða Laugavegarins liggir "öðru fremur í þróun hans sem mikilvægrar verslunargötu á 20. öld", því margar aðrar götur í gamla bænum státi af heilsteyptari götumyndum. Hann nefnir sérstaklega Þingholtsstræti, Miðstræti og Vesturgötu, en þangað telur hann að mætti flytja gömul hús til að fylla upp í eyður og varðveita þá lágreistu götumynd timburhúsa frá 19. öld sem þar er enn til staðar.

Þau hús sem mest hafa mótað yfirbragð Laugavegarins eru stærri timbur- og steinhús frá fyrri hluta 20. aldar, hönnuð sem hluti af samfelldri byggð. Telur Pétur að þau eigi að gefa "fordæmi að mælikvarða, stærðarhlutföllum og mögulega útlitseinkennum nýrrar byggðar við götuna, einkum sunnan hennar", enda megi þannig koma í veg fyrir að "andi" hennar glatist. Hann tekur fram að grundvallarforsenda við mat á því hvort eldra hús eigi að víkja vegna uppbyggingaráforma sé sú að "það sem kemur í staðinn bæti umhverfið en skaði það ekki". Þessi varnagli Péturs er mjög mikilvægur enda alltof mörg dæmi um seinni tíma byggingar í miðborg Reykjavíkur sem hvorki bæta umhverfi sitt né standa undir fagurfræðilegum kröfum ein og sér. Slík hús stinga ávallt í stúf og draga mikið úr gildi heildarmyndarinnar þegar til lengri tíma er litið. Því er full ástæða til að taka undir þau orð Péturs að athugandi sé "hvort íbúar og verslunareigendur við götuna ættu að hafa umsagnarrétt um útlit nýrra húsa, líkt og tíðkast í grónum hverfum víða erlendis [...] þar sem litið er á heildaryfirbragð umhverfis sem sameiginlegt hagsmunamál allra". Einnig mætti hugsa sér að skipa nefnd fagmanna sem væru umsagnaraðilar um teikningar að nýbyggingum á þessu viðkvæma svæði, enda algjört skilyrði að uppbygging mótist af þeirri byggingarsögulegu og fagurfræðilegu yfirsýn er dugar til að tryggja að ný hús falli vel að því sem fyrir er. Ljóst er að seint verða allir á eitt sáttir um uppbyggingu við Laugaveg, en þó virðist sem starfshópurinn um endurmat á deiliskipulaginu þar hafi ratað nokkuð vandfarinn meðalveg. Út frá ströngustu sjónarmiðum um varðveislu má vissulega gagnrýna ákvarðanir varðandi einstök hús sem nefndin telur í lagi að víki, en ekki má þó gleyma að möguleikinn á að flytja þau hús á aðra staði í miðborginni þar sem þau samræmast götumyndinni betur og þjóna sínu upprunalega hlutverki sem íbúðarhús er ætíð fyrir hendi. Þær áherslur sem koma fram í niðurstöðum nefndarinnar eru skynsamlegar og nútímalegar að því marki sem þær miðast við að halda í heiðri sérkenni reykvískrar byggðar og þróa hana áfram án þess að stæla hugsunarlaust stórborgir er risið hafa á öðrum forsendum en okkar. Það er því afar brýnt að þessi uppbygging hefjist sem fyrst.

### **Félagslegir þættir mótunar miðborgarinnar**

Ef takast á að byggja Laugavegin og hliðargötur hans upp sem öfluga verslunargötu er myndað getur æskilegt mótvægi í miðborginni við verslunarmiðstöðvar segir sig sjálft að nauðsynlegt er að stýra þeirri atvinnustarfsemi sem þar fer fram af mikilli festu. Í því sambandi er eftirtektarvert að hagsmunir verslunarrekenda og íbúa virðast að mörgu leyti fara saman, en hins vegar stangast hagsmunir þeirra sem reka kaffihús iðulega á við hagsmuni verslunarrekenda og íbúa - en hér er átt við þau "kaffihús" sem betur færi á að kalla öldurhús þar sem mest er veitt af áfengi en ekki kaffi, auk þess sem starfsemin er öflugust síðla kvölds og eftir miðnætti. Veitingarekstur á að sjálfsögðu heima á þessu svæði, en hann þyrfti að vera mun fjölbreyttari en nú er og skilin á milli kaffihúsa, matsölustaða og skemmtistaða skýrari. Mörg þeirra "kaffihúsa" sem nú starfa í miðborginni starfa í raun eins og skemmtistaðir eða næturklúbbar, í það minnsta ef miðað er við afgreiðslutíma, en það er fáheyrt í erlendum borgum að venjulegar krár, hvað þá kaffihús, starfi framundir morgun. Þótt drykkjulæti og óspektir í miðbænum um nætur hafi vissulega orðið minna áberandi eftir að afgreiðslutími var rýmdur er nú svo komið að verslun og önnur starfsemi

sem rekin er á daginn er víða tekin að hörfa undan þessum kaffihúsarekstri, þrátt fyrir að verslun eigi að vera í öndvegi í miðborginni samkvæmt Þróunaráætlun miðborgarinnar. Sem dæmi um þessa óheillaþróun má nefna þá samþjöppun öldurhúsa sem orðið hefur út frá Laugavegi við Klapparstíg, en þar eru þrjú kaffihús á lófastórum bletti, en verra dæmi er þó mikill fjöldi slíkra staða þar sem Þingholtsstræti og Ingólfsstræti mæta Laugavegi en þar eru einir sjö staðir sem allir verða að skemmtistöðum um miðnæturbilið á mjög þröngu svæði. Þar hefur enda hver verslunin á fætur annari lagt upp laupana á undanförunum misserum auk þess sem nálegð þessara staða við gróna íbúðarbyggð í Þingholtunum skapar óneitanlega vanda.

Hagsmunir verslunarmanna og íbúa fara einnig saman hvað bílastæðamál varðar, en kaupmenn hafa lengi kvartað yfir stöðumælagjöldum og margir þeirra telja óréttlæti felast í því að bílastæðasjóður sé notaður sem tekjustofn til þess að byggja bílastæðahús. Rök þeirra eru m.a. þau að ekki sé sanngjarnt að þeirra viðskiptavinir borgi þessa uppbyggingu frekar en aðrir, svo sem viðskiptavinir veitinga- og kaffihúsa sem sækja í borgina á kvöldin, eða þeir sem þangað koma eftir afþreyingu af ýmsu tagi. Gjaldtaka á þessu svæði er vissulega mikilvæg forsenda þess að hreyfing sé á bílastæðum en þar sem bílastæðavandinn er ekki síður mikill er líður á kvöldin, í það minnsta um helgar, má vel velta því fyrir sér hvort hægt sé að koma til móts við umkvartanir kaupmanna með einhverjum hætti, til að mynda með því að lækka gjöldin töluvert en lengja gjaldskyldutímamann á móti. Þannig mætti dreifa kostnaðinum af bílastæðapjónustu í miðborginni á fleiri þeirra gesta sem sækja hana heim. Nýting staðanna myndi einnig aukast til mikilla muna með aukinni hreyfingu yfir lengri hluta sólarhringsins, sem einnig kemur íbúum á svæðinu til góða.

Hlutur menningar í öflugri miðborg

Í sögulegu samhengi er Reykja vík enn mjög ung borg en sem betur hefur hún þó þróast þannig að töluvert svigrúm er til þess að gera hana að betri borg. Þar skipta menningarlegar forsendur ekki síst máli. Það sem borgir hafa upp á að bjóða umfram aðra þéttbýliskjarna felst fyrst og fremst í fjölbreytileika þess sem þar er í boði og tækifæra sem þróast í kjölfarið. Borgarsamfélagið er um margt lýsandi fyrir stórkostlegt hugvit og getu mannanna til uppbyggingar og skipulags, það er ekki einungis staður ætlaður til búsetu, heldur beinlínis sá kraftur sem knúið hefur siðmenninguna áfram. Með byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurböfn verða stóðir borgarinnar styrktar til mikilla muna, en sú starfsemi sem þar á eftir að fara fram mun tvímælaust efla Laugavegin sem verslunar- og þjónustuað. Sömuleiðis er mikilvægt að stofnun á borð við Listaháskólann fái aðsetur í miðborginni, þar sem Háskólinn, listasöfnin og menningarstarfsemin í heild stendur í mestum blóma. Listaháskóla fylgir mikill menningarlegur drifkraftur sem miðborgin á að njóta. Uppbygging þekkingarþorps í Vatnsmýrinni er einnig mikilsvert framlag til borgarsamfélagsins í Reykjavík, sem án efa á eftir að verða það gæfuspor er markar upphaf frekari þróunar miðborgarinnar þar - í þá átt sem eðlilegast þótti áður en flugvöllurinn kom til sögunnar og byrgði mönnum sýn. Hugmyndir um blandaða og fremur lágreista byggð þar eru vissulega í samræmi við sérkenni Reykjavíkur og vel við hæfi nú þegar hugmyndir um íslenskt borgarlandslag eru farnar að líta dagsins ljós.

Í bók sinni "Ósýnilegar borgir" segir ítalski rithöfundurinn Italo Calvino að "ekki megi rugla sjálfri borginni saman við þau orð sem notuð eru til að lýsa henni. En þó eru tengsl á milli þessara tveggja hluta". Það er vert að hafa orð hans að leiðarljósi í umræðum um miðborg Reykjavíkur; miðborgin er það afl sem knýr borgarsamfélagið á Íslandi áfram með sérkennum sínum, kostum og göllum. Umræðan um framtíð hennar lýtur öðrum lögmaálum en borgin sjálf, en er þó ómetanlegt afl sem virkja má til þess að gera góða borg betri.

## Reykjavíkurbref 18. ágúst

Í REYKJAVÍKURBRÉFI fyrir viku var fjallað nokkuð um skipulag miðborgarinnar og framtíð hennar. Þar var sérstaklega vikið að Laugaveginum og niðurstöðum starfshóps um endurmat á deiliskipulagi við Bankastræti og Laugaveg en svo virðist sem sátt hafi tekist um tillögur sem virðast falla ágætlega að sérkennum reykvískrar byggðar og umræðu um íslenskt borgarlandslag.

Ekki var þó mikið vikið að hafnarsvæðinu sem er þó það svæði sem líklega hefur sett mestan svip á Reykjavík frá upphafi vega. Í nánustu framtíð er fyrirhuguð þar mikil uppbygging sem varðar alla borgarbúa auk þess sem hún helst í hendur við nauðsynlega uppbyggingu þeirrar lífæðar sem Laugavegurinn á að vera miðbænum. Ef horft er yfir farinn veg er ljóst að höfnin hefur ekki einungis verið hreyfiafl atvinnulífsins í Reykjavík um margar aldir, heldur hefur hún einnig verið ríkur þáttur í daglegu lífi Reykvíkinga. Lýsingar þeirra fjölmörgu sem lýst hafa uppvexti sínum í elsta hluta Reykjavíkur í gegnum tíðina bera vott um að höfnin hafi ætíð haft ómótstæðilegt aðdráttarafl við leik og starf, og nægir að nefna fræga íslenska barnasögu, "Gvendur Jóns og ég" eftir Hendrik Ottóson sem dæmi um það. Bókin kom út þegar Reykjavík stóð á þeim tímamótum þar sem með sönnu var hægt að segja að hún væri að breytast úr bæ í borg, og mótaðist sá heimur sem lýst er í sögunni af þeirri ljúfu fortíðarþrá sem oft á tíðum einkennir viðhorf okkar allrar til bernskuslóðanna. Slík fortíðarþrá er ætíð ríkur þáttur í umhyggju okkar fyrir þeirri borgararfleifð sem umkringir okkur, en hún má þó ekki koma í veg fyrir að umbætur sem breyta ásýnd borgarinnar eigi sér stað. Um þessar mundir stendur Reykjavík á álíka mikilvægum tímamótum sem ráðið geta úrslitum um hvort hún þróast úr þeirri borg sem hún nú er í þá heimsborg sem hún þarf að verða til að vera samkeppnisfær við aðrar borgir bæði gagnvart þjóðinni sjálfri og erlendum gestum. Af þeim sökum er vert að hafa í huga að þær breytingar sem verið er að vinna að núna eiga eftir að móta umhverfi komandi kynslóða og jafnframt er áriðandi að sú umræða sem nú á sér stað miði að því að brúa með farsælum hætti bil fortíðar og framtíðar.

## Hafnarsvæðið, menning og lífsafkoma

Þótt verslun og viðskipti hafi leitað út fyrir miðborgina á síðustu 15 árum eða svo, á menningarstarfsemi af ýmsu tagi enn mjög traustar rætur í miðborginni og virðist fremur eflast en hitt. Þar er ekki einungis um að ræða rótgrónar stofnanir, heldur má einnig líta á þá öflugu dagskrá sem boðið er upp á í dag, laugardag, undir formerkjum Menningarnætur, sem einn fjölmargra þátta sem stuðlað hefur að menningarlegri ímynd miðborgarinnar á síðustu árum. Dagskrá menningarnætur er orðin mjög viðamikil og óhætt er að fullyrða að allir geti fundið þar eitthvað við sitt hæfi, enda stefnt að því að ungir sem aldnir geti átt skemmtilegar og fróðlegar stundir í hjarta miðborgarinnar. Þær þúsundir manna sem leggja leið sína í miðborgina á þessum degi eru að sjálfsögðu að styrkja tengsl sín við höfuðborgina, en það er mjög mikilvægt til þess að halda viðhorfi borgarbúa í jákvæðum farvegi. Sömuleiðis má telja víst að sá mikli fjöldi fyrirtækja og stofnana sem tekur þátt í dagskrá Menningarnætur bendi eindregið til þess að fjölbreytt menningarstarf eigi framtíð fyrir sér á þessu svæði en það er höfuðborginni mikill vegsauki, ekki einungis gagnvart þeim sem hér búa, heldur einnig gagnvart þeim er sækja landið heim.

Hefðbundin menningarstarfsemi á vegum borgarinnar hefur í auknum mæli verið að færast nær höfninni, en ekki er langt síðan Borgarbókasafnið og Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi opnuðu dyr sínar fyrir almenningi á Grófarsvæðinu. Fyrirhuguð bygging tónlistar- og ráðstefnuhúss á Austurbakkanum við Reykjavíkurborg í samvinnu Reykjavíkurborgar og ríkisins er einhver stærsta framkvæmd sem ráðist hefur verið í á þessu svæði og ljóst er að bundnar eru miklar vonir við að vel takist til að tengja þá fjölpættu starfsemi sem þar á að fara fram miðborginni sem heild.

Guðni Tyrfingsson, einn þeirra arkitekta sem hlut áttu að þeirri tillögu sem í janúar sl. hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um þessa miklu uppbyggingu, sagði af því tilefni að hann teldi að tónlistar- og ráðstefnuhús ásamt hóteli við höfnina gæti hamlað gegn neikvæðri þróun í miðborginni og m.a. komið í veg fyrir að verslun og þjónusta færist í enn meira mæli en orðið hefur í úthverfin. "Með öflugu menningarlífi og bættri þjónustu má snúa þessari þróun við og tónlistar- og ráðstefnuhús ásamt hóteli, kaffihúsum og margs konar annarri þjónustu verður aðráttar afl. Höfn, atvinnustarfsemi og þjónusta eiga að geta búið saman," sagði hann í viðtali við Morgunblaðið. En eins og fram kom í ritstjórnargrein hér í blaðinu 24. janúar sl. er fjallaði um þetta málefni "þarf ekki að orðlengja hversu mikilvægt það er að í miðborg þrífist virkt mannlíf að degi til, sem eðlilegt mótvægi við það blómlega næturlíf sem nú er drjúgur þáttur í miðborgarbragnum".

Í erindi sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri hélt á ráðstefnunni "Framtíð ráðstefnuhalds á Íslandi" sem haldin var í vor, kom fram að kannanir Ferðamálaráðs gefi til kynna að hingað komi tæplega 40.000 gestir á ári til að sækja ráðstefnur og fundi. Þessir gestir skila allt að 3,7 milljörðum í gjaldeyriskjör á ári ef miðað er við árið 2000, svo ljóst er að hér er um umtalsverðan markað að ræða. Borgarstjóri benti á að ráðstefnu- og fundamarkaðurinn sé jafnframt talinn hvað ræktarlegasti geirinn innan ferðaþjónustu í heiminum. Ingibjörg Sólrún vék í framhaldi af því að framkvæmdum við fyrirhugað ráðstefnu- og tónlistarhús, og sagði "aukin umsvif á sviði alþjóðlegra ráðstefna og sýninga hafa jákvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar. Ráðstefnuhúsið færir okkur því ekki einungis dýrmæta ferðamenn - heldur er

Það einnig vettvangur fyrir gríðarlega mikinn innflutning á þekkingu fyrir íslenskt atvinnulíf - vilji það nýta sér tækifærið - og opnar nýja gátt að alþjóðlegum tengslum. Fyrirhuguð uppbygging á Austurbakka mun án efa einnig marka þáttaskil fyrir miðborg Reykjavíkur og veita inn í hana auknu lífi og krafti. Kraftmikil miðborg er svo aftur mikilvægt aðdráttarafli fyrir borgarbúa jafnt sem ferðamenn [...].“ Þau margföldunarháhrif sem borgarstjóri dregur hér fram eru mjög mikilvæg og ljóst að ef vel tekst til mun hafnarsvæðið halda áfram að vera hreyfiafl reykvíssks atvinnulífs um ókomna framtíð, jafnvel þótt hefðbundið hlutverk hafnarinnar sjálfrar eigi eftir að breytast eitthvað í tímans rás eftir því sem aðrar hafnir í Reykjavík þróast.

### **Eðlilegt flæði milli ólíkra þátta**

Umræðu um byggingu og hlutverk tónlistar- og ráðstefnuhúss má þó ekki aðskilja frá uppbyggingu á hafnarsvæðinu í heild, því forsendan fyrir því að slík stórframkvæmd heppnist er að vel takist að tengja hana annarri starfsemi og búsetu í næsta nágrenni svo flæðið á milli allra þeirra ólíkra þátta sem gera miðborgina eftirsóknarverða sé ekki rofið heldur eflt. Óhætt er að fullyrða að sú tenging sem verðlaunatilagan um skipulag tónlistar- og ráðstefnuhúss á Austurbakka gerir ráð fyrir, þ.e.a.s. í gegnum göng undir Geirsgötu, sé helsti veikleiki hennar. Mun æskilegra væri að Lækjartorg tengdist Austurbakkanum og starfseminni þar með eðlilegum og auðveldum hætti og fengi þannig aftur sitt gamla hlutverk sem mikilvægur og líflegur hlekkur á milli Laugavegs og hafnarinnar. Því verður þó ekki komið auðveldlega til leiðar á meðan Geirsgatan skilur torgið - og reyndar miðborgina alla - frá hafnarsvæðinu.

Pétur Ármannsson arkitekt lét í ljós þá skoðun í umfjöllun um framtíð miðborgarinnar hér í blaðinu í vor, að svigrúm væri til að koma nýbyggingum fyrir á svæðinu fyrir neðan Arnarhól við Kalkofnsveg til móts við tónlistarhúsið. Hann benti á að þarna færi mikið land undir gatnamót og umferðareyjar sem mætti útfæra á annan hátt. "Ef menn tækju þá ákvörðun að setja Geirsgötu í stokk undir þetta svæði eða undir hafnarmynnið, ef það er talið raunhæft, þá væri hægt að byggja þarna nýja og fallega miðborgarbyggð með íbúðum á efri hæðum húsa en mikil eftirspurn er eftir nýju íbúðarhúsnæði í miðborginni. Þarna mætti einnig koma fyrir kvikmyndahúsi, listaháskóla og fleiri stofnunum sem ekki hefur verið rúm fyrir í miðbænum. Þá værum við á þessu svæði ekki aðeins að byggja tónlistarhús heldur heilt hverfi í kringum tónlistarhúsið sem nyti góðs af þeirri miklu fjárfestingu og öfugt." Pétur talar hér fyrir munn fjölmargra aðila sem láta sig skipulagsmál varða, en þetta er ekki í fyrsta skipti sem hugmyndin er viðruð. Nú, þegar til stendur að hefjast handa við uppbyggingu á þessu svæði, virðist þó sem sá tími sé kominn að óhjákvæmilegt sé að athuga hana nánar svo miðborgin geti í raun orðið órofin og lífleg heild þar sem fólksstraumurinn nær að flæða frekar en að vera beint í þröngan og takmarkandi farveg á borð við undirgöng.

Framkvæmdir við að setja Geirsgötu í stokk eru að sjálfsögðu kostnaðarsamar, en á móti vegur að hér er hreinlega um að ræða það mikið hagsmunamál, að það getur beinlínis skipt sköpum um hvernig sá mikilvægi miðborgarhluti sem hafnarsvæðið er dafnar í tengslum við aðrar lífæðar miðborgarinnar. Umferð um Geirsgötu er nú þegar mjög mikil og á væntanlega eftir að fara vaxandi því Hringbrautin mun

ekki endalaust taka við aukinni umferð þar sem hún er þrengst. Það er því fyrirsjáanlegt að með tímanum verði Geirsgatan enn meiri hindrun á milli hafnar og miðborgar en hún er núna. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og full ástæða til að ítreka það sem vikið var að hér að ofan varðandi það að sú fjárfesting sem þarna er fyrirhuguð skili sér sem best - hagsmunirnir eru margþættir fyrir ferðamannaíðnaðinn, verslun og þjónustu í miðborginni og ekki síst borgarbúa sjálfa.

### **Listaháskólinn sem hreyfiafl**

Morgunblaðið hefur áður lýst þeirri skoðun að tæpast sé hægt að finna Listaháskóla Íslands ákjósanlegri stað í Reykjavík en í tengslum við þá fjölbreyttu menningarstarfsemi sem fyrirhuguð er á hafnarsvæðinu í framtíðinni. Samkvæmt verðlaunatillögunni um tónlistar- og ráðstefnuhús, er gert ráð fyrir að hann verði í Tryggvagötunni og tengist menningarstarfsemi á Miðbakka með göngubrú. Fleiri möguleikar eru vafalaust fyrir hendi, því nokkrir álitlegir auðir reitir eru á þessu svæði auk möguleika á að nýta húsnæði sem þegar er til staðar að hluta til eða sem heild. Hvernig sem nánari útfærsla á því á eftir að verða er í öllu falli víst að á þessu svæði yrði skólinn í næsta nágrenni við Borgarbókasafn, Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi og fyrirhugað tónlistar- og ráðstefnuhús, en að auki í námunda við Þjóðleikhúsið, Íslensku óperuna og Listasafn Íslands. Þjóðarbókhlaðan, háskólasvæðið og fyrirhugað þekkingarþorp í Vatnsmýrinni er heldur ekki langt undan og því allar forsendur til samnýtingar og samstarfs á milli allra þessara stofnana eins og best verður á kosið.

Listaháskólinn er ungur og starfsemi hans og hlutverk í íslensku samfélagi enn í mótun. Af þeim sökum ber að hafa í huga að honum er ætlað mjög öflugt og margþætt hlutverk í menningar- og menntalífi landsmanna sem án efa mun auka á vægi hans sem eins hornsteina menningarlífsins þegar til framtíðar er litið. Til þess að fjölbreytni starfseminnar verði óumdeildur styrkur skólans þarf að huga vandlega að tengingum hans sem lifandi miðstöð lista, ekki bara við aðrar listastofnanir eins og áður var nefnt, heldur einnig við samfélagið í heild. Það er því mikill fengur að því að hafa Listaháskólann þar sem hjarta miðborgarinnar slær, þar sem skólinn sjálfur og nemendur hans njóta góðs af mannlífínu í miðborginni, tengslum við atvinnulífið við höfnina og síðast en ekki síst nálægð við hið opna haf sem svo sterkt hefur mótað lífsmynstur og sjálfsímynd þjóðarinnar í gegnum aldirnar.

Ekki má heldur gleyma að stór vinnustaður á borð við slíkan skóla er einnig mikil lyftistöng fyrir þjónustu og verslun í miðborginni yfir daginn og fyrirsjáanlegt að allt það fólk sem þar kemur til með að sinna starfi sínu og námi myndi án efa verða litskrúðugt mótvægi í borgarmyndinni við það næturlíf sem nú setur svo sterkan svip á borgarmyndina.

### **Grófin og Aðalstræti**

Grófin hefur tekið miklum stakkaskiptum að undanfögnu og eiga Borgarbókasafnið og starfsemi Listasafns Reykjavíkur í nýuppgerðu Hafnarhúsi ekki síst þátt í því. Ef til vill má segja að sú menningarstarfsemi sem þessar stofnanir standa fyrir á þessu svæði sé dæmigerð fyrir þá breytingu á hlutverki hafnarsvæðisins sem nú er að eiga sér stað, en á árum áður gegndi Grófin einmitt lykilhutverki í

starfsemi hafnarinnar og tengslum hennar við miðborgina. Í Grófinni var öldum saman uppsátur fyrir báta sem reru þaðan og lá Aðalstræti, elsta gata í Reykjavík, beint niður að henni. Í gegnum Bryggjuhúsið var undirgangur niður að Grófinni og segir Trausti Valsson í bók sinni "Reykjavík, vaxtarbroddur, þróun höfuðborgar" með réttu, að húsið hafi þjónað sem einskonar borgarhlíð fyrir Reykjavík þar sem allur varningur var t.d. selfluttur frá skipum með uppskipunarbátum að bryggjunni þar og síðan inn í bæinn. Bryggjuhúsið, sem yngri Reykvíkingar þekkja líklega betur undir nafninu Kaffi Reykjavík, setur enn svip sinn á það sem í seinni tíð hefur verið nefnt Grófartorg og því vel við hæfi að arkitektar hins nýja húsnæðis Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi hafi kosið að gera úr inngangi Listasafnsins eins konar bryggju eða brú í gegnum húsið í átt til hafnarinnar. Sú brú er ef til vill táknræn fyrir framtíðarhlutverk menningar á hafnarsvæðinu og þróun Reykjavíkur sem heimsborgar á alþjóðlegan mælikvarða. Í nýju deiliskipulagi fyrir þetta svæði er gert ráð fyrir að endurnýja tengsl Aðalstrætis og Ingólfstorgs við hafnarsvæðið með því að opna þangað gönguleiðir á nýjan leik og fer ákaflega vel á því að tengja þannig saman minjar liðinnar tíðar og menningu samtímans.

Aðalstræti er líklega sú sögufræga gata í miðborginni sem tíminn hefur farið einna hörðustum höndum um. Götumyndin þar er ærið sundurleit og því gæti reynst erfitt að brúa bil gamla tímans og hins nýja. Þær hugmyndir sem kynntar hafa verið um uppbyggingu á horni Aðalstrætis og Túngötu eru þó mikilvægt skref í þá átt en þar er fyrirhugað að byggja endurgerðir sögufrægra húsa úr götunni, í tengslum við uppbyggingu Aðalstrætis 16. Framkvæmdin er um margt áhugaverð, jafnvel þó aðeins sé um ytri endurgerð bygginganna að ræða, ekki síst vegna þess að vonir standa því til að hægt verði að samtvinna gamlan tíma og nýjan með þessum húsum en þau verða samtengd með nýtískulegum glerbyggingum. Það er þó afar mikilvægt að vel takist til þannig að aðgengi að þeim fornminjum sem þarna eru verði gott og þeim sýndur tilhlýðilegur sómi. Eftir að Ísafoldarhúsið var gert upp á nýjum stað í Aðalstræti hefur hin gamla mynd götunnar að auki styrkst nokkuð enda kallast sú framkvæmd á við endurbætur á Geysishúsinu sem eru í fallegu samræmi við gamlar og sögufrægar byggingar á borð við Fálkahúsið í Hafnarstræti.

## **Hagur borgarinnar er okkar hagur**

Eins og tæpt var á í Reykjavíkurbréfi fyrir viku skiptir miklu máli að skapa grundvöll fyrir nýja íbúabyggð í miðborginni, en dagleg þátttaka íbúa í borgarlífinu er ríkur þáttur í að styrkja innviði miðborgar vegna þeirra fjölbreyttu starfsemi sem þarf til að þjóna þörfum þeirra. Sá mikli fjöldi íbúa sem nú býr í nýjum fjölbýlishúsum í Skuggahverfinu fyrir ofan Sæbrautina hefur án efa gætt miðborgina meira lífi, þótt ekki séu allir sammála um ágæti svo hárra bygginga við strandlengjuna þar sem viðkvæm tengslin á milli manna og umhverfis eru auðveldlega rofin. Íbúðarbyggð vestast á hafnarsvæðinu og á þeim auðu svæðum sem eru vestan við Seljaveg getur hæglega vegið jafnþungt og um leið verið mikilvægur þáttur í þeim landfræðilega ramma sem mun afmarka miðborgina þegar Vatnsmýrin verður orðin virkur hluti hennar.

Í niðurlagi borgarumfjöllunar síðustu viku var vísað til orða Italo Calvino úr skáldsögunni "Ósýnilegum borgum", en þar fjallar hann m.a. af næmleika um tengsl mannskepnunnar við þá miklu vél sem siðmenningin og borgarsamfélagið er og mikilvægi þess að meta það að verðleikum sem þátt í andlegum veruleika manna. Í bókinni vísar Calvino á einum stað til samtals Marco Polo og Kublai Kahn þar sem þeir ræða þátt einstakra steina í styrk þess boga er heldur uppi steinbrú. Kahn segir sig ekkert varða um steinana, hann hafi einungis áhuga á boganum sjálfum, en Polo bendir honum á að án steinanna sé enginn bogi. Þessi myndlíking er ákaflega sterk með tilliti til borgarinnar og vísar að sjálfsögðu til þeirrar staðreyndar að styrkur heildarinnar liggur í þeim einstöku þáttum sem mynda hann. En Calvino, sem hafði einstakt lag á að setja fram fleira en eitt sjónahorn, er sjálfum sér samkvæmur og telur myndlíkingu Polo ófullnægjandi því "án bogans hafa steinarnir enga þýðingu", segir hann. Orð hans lýsa ómældri virðingu fyrir heildinni ekki síður en einstökum þáttum hennar - borgin, með öllum þeim fjölskrúðugu möguleikum sem hún hefur upp á að bjóða, gefur lífi okkar þýðingu sem við sem einstaklingar gætum ekki notið með öðrum hætti. Þau eru þörf ábending til okkar allra, ekki síst á afmælisdegi borgarinnar á morgun 18. júní, um að bera hag borgarinnar fyrir brjósti ekki síður en hag okkar sjálfra, þar sem þetta tvennt fer óhjákvæmileg saman.